SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Erindisbréf atvinnu- og ferðamálanefndar

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Atvinnu- og ferðamálanefnd fer í umboði sveitarstjórnar með þá málaflokka sem henni eru falin. Sveitarstjóri starfar með nefndinni eftir því sem við á og ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd. Hann hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar.

2. gr.

Nefndin fjallar um atvinnu- og ferðamál á Skagaströnd og skal móta stefnu í þeim málaflokkum og forgangsraða aðgerðum sem nefndin telur brýnast að sveitarfélagið beiti sér fyrir á hverjum tíma.

3. gr.

Í atvinnu- og ferðamálanefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

4. gr.

Sveitarstjórn skipar formann og varaformann en ritari er kosinn á fyrsta fundi nefndarinnar.

II. Hlutverk nefndarinnar

5. gr.

Hlutverk nefndarinnar er:

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í aðgerðum til að styrkja atvinnulíf í sveitarfélaginu.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í atvinnu- og ferðamálauppbyggingu í sveitarfélaginu.
- Að móta stefnu fyrir sveitarfélagið í atvinnuþróunarmálum og nýsköpun og forgangsraða aðgerðum sem nefndin telur brýnast á hverjum tíma. að hafa yfirsýn yfir atvinnulíf á Skagaströnd, fylgjast með þróun, stöðu og horfum í atvinnumálum.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.
- Að greina leiðir til að efla atvinnulíf á svæðinu.

- Að annast samskipti við fyrirtæki, mennta- og rannsóknarstofnanir sem tengjast starfssviði nefndarinnar, í samráði við sveitarstjórn/sveitarstjóra.
- Að taka þátt í umræðu um atvinnumál af hálfu sveitarfélagsins og stuðla að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun í sveitarfélaginu

6. gr.

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

III. Gildistaka

7. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Erindisbréf þetta var staðfest af sveitarstjórn 9. september 2026 og tekur gildi við undirritun. Fellur fyrra erindisbréf úr gildi samhliða.

sveitarstjóri Sveitarfélagsins Skagastrandar